

Stjórnarfundur GFFÍ 26.nóvember 2019 í húsnaði Matís kl. 15.

Mættir: Anna María Flygenring, Anna María Lind Geirsdóttir, Guðni Á. Indriðason og Guðný Ívarsdóttir. Enginn varamaður mætti í stað Birnu Baldursdóttur.

1. ráðist var inn í tölvunetfang GFFÍ og kom tilkynning frá hýsingarþjónustunni 1984.is. Guðni er búinn að gera nýtt aðgangsorð samkvæmt ráðleggingum 1984.is.

2. Heiðrún: Sif Matthíasdóttir sendi stjórn póst um vandræði með Heiðrúnu, t.d. hafurskið verða iðulega hrútlömb m.m. Margs konar kvartanir eru í tölvupósti frá Sif fyrrverandi formanni GFFÍ.

AMLG sér um að koma skilaboðunum til Lárusar Birgis sem að kemur þeim áfram til tölvudeildar BÍ.

3. AMF mætti á fund um félagskerfi BÍ. Hún fór yfir nokkra punkta frá fundinum:

Fundur haldinn til að gefa formönnum aðildarfélaganna möguleika á að tjá sig um breytingar og tillögur um félagskerfið. Tekjur sambandanna mismiklar eftir landshlutum. Mestar tekjur koma af kúabúum, nautfjárrækt og sauðfjárrækt. Af þeim skila kúabúin mestu. Svínaræktin er utan styrkjakerfisins og eru svínabændur skeptískir á kerfið. Er að berjast gegn niðurfellingu tolla á innfluttu svínakjöti. Þeir eru á móti að sett verði s.k. auragjald til að afla tekna fyrir samböndin m.a. vegna þess að þeir sækja ráðgjöf erlendis frá. Hrossabændur aftur á móti sækja mikla ráðgjöf frá BÍ og samböndunum t.d. vegna kynbótadóma. Tekjur hrossabænda eru lágar. Allir þurfa samt að kaupa alls kyns þjónustu t.d. hvað vélar. Þjónustu- og söluaðilar eru margir í landbúnaðarklasanum. Þyrfti að styrkja tengsl klasans og sambandanna og BÍ.

4. Formaður AMF spyr hvernig hafrastöðinni vegni GIÁ: Hafrar hafa verið valdir af Birnu K Baldursdóttur og dýralæknum MAST. Hafrar voru keyptir frá Möðrudal á Fjöllum, Rauða og Háafelli. Búið var að kaupa hafur frá Þorbergsstöum en hann var hjá Birnu þar til hann fór á stöðina. Verið er að taka blóðsýni þessa dagana. Sæðistaka verður eftir helgina 1. desember og enn verður blóðsýnataka að mánuði liðnum. Þegar búið er að frysta og skoða blóðsýnin verður hægt að gefa út skrá með myndum, ættartölu ef hún er til og fleiru. Starfsmaður stöðvarinnar er Birna K. Baldursdóttir, ekki hafa verið fengnir nemar til starfa frá Hvanneyri eins og kom fram á seinasta stjórnar fundi. Sæðið er frítt og notkun á búnaði til sæðinga líka. Tímasetning sæðinga skiptir miklu máli. Guðni þýddi leiðbeiningar norska geitfjárræktarfélagsins fyrir sig að nota og hefur reynst vel. AMF verður í sambandi við þau til að fá leyfi til að nota þýðinguna og dreifa. Nokkrir kostnaðarliði útistandandi enn ss. Hey, dýralæknar, leyfið frá MAST. Þarf að panta þéttimæli til að mæla blóðkorn í blóðsýnum. Þorsteinn Ólafsson dýralæknir mun mæta á stöðina og sinna störfum.

5 Önnur mál.

GI: Jóhanna, búsett í Mosfellsbæ tekur að sér að síta stökur í litlum mæli.

AMF: Sendi skinn til Sauðarkróks til Kalla en hann getur sítað meðan að efnabirgðir endast, en Atlantic leather varð gjaldþrota. Óvíst um framhald.